

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamál

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda

Rýmið ehf (kennitala á leiðinni)

Kennitala

0000000009 

Heimilisfang

Eyrargata 2

Póstnúmer

450

Staður

Patreksfjörður

Netfang

rymid.ehf@gmail.com

Símanúmer

8683915

Umsjónaraðili

Lilja Sigurðardóttir og Birna Friðbjört
Hannesdóttir

Samstarfsaðilar

Hugsanlegir viðmælendur

Heiti verkefnis

Andrýmið – Rými til að vera (hlaðvarp)

Lýsing verkefnis eða viðburðar

Andrýmið – Rými til að vera er nýtt fjölmiðla- og menningarverkefni sem byggir á upptökum í Rýminu, nýrri skapandi vinnustofu í Vesturbyggð staðsettri í Verbúðinni. Í sama húsi starfa nú þegar bókaútgáfa, smíðaverkstæði, listastúdíó, saumastofa og fleiri skapandi aðilar og hlaðvarpið mun verða hluti af þessari vaxandi menningarhreyfingu. Hlaðvarpið mun fjalla um málefni sem tengjast: - andlegri og persónulegri þróun - kvenorku, samfélagi og tengingum - bókmenntum, leiðtogahæfni, markmiðasetningu - ferðalagi skapandi kvenna í íslenskum smábæ Planið er að gefa út tvær þáttaraðir árið 2026, hvor um sig með 5 þáttum, samtals 10 þættir. Fyrsti þáttur verður birtur janúar 2026. Markmiðið er að skapa nýtt menningarlegt rými fyrir samtal, fræðslu og sköpun og byggja upp lifandi miðlun innan Vesturbyggðar sem eykur sýnileika svæðisins.

Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar

Verkefnið: - styrkir menningu og fjölmiðlun á svæðinu - dregur fram raddir íbúa Vesturbyggðar - byggir upp nýja tegund

skapandi atvinnustarfsemi - eykur framboð á menningarlegu efni fyrir íbúa og gesti - styður við uppbyggingu Verbúðarinnar sem skapandi miðstöð Hlaðvarpformið gerir okkur kleift að miðla efni frítt og aðgengilega til allra íbúa Vesturbyggðar. Tímalína Október–desember 2025: Kaup á búnaði, undirbúningur hljóðvistar, prófunar upptökur Janúar 2026: Útgáfa fyrsta þáttar Janúar–maí 2026: Þáttaröð 1 (5 þættir) Ágúst–desember 2026: Þáttaröð 2 (5 þættir)

Á ætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Sjá viðhengi

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Verkefnið er á frumstigi og fyrstu 10 þættirnir eru hugsaðir sem upphafsár án beinna tekna. Markmiðið er að byggja upp hlustendahóp og þekkjanlegt vörumerki áður en tekjur verða hluti af rekstrinum. Frá og með seinna hluta 2026 og inn í 2027 er áætlað að verkefnið gæti hafið tekjuöflun eftirfarandi leiðum: Auglýsingar og styrktaraðilar- Samstarf við fyrirtæki í Vesturbyggð og á Vestfjörðum sem tengjast vel gildum og innihaldi hlaðvarpsins (t.d. staðbundin þjónusta, heilsa, skapandi geirar, ferðamennska). Auglýsingar fyrir og eftir þátt - Áætlað framlag: 20.000–60.000 kr. á mánuði þegar hlustun hefur náð nægu umfangi. Viðburðir og kakó/spil/umræðukvöld Opnir viðburðir tengdir þeimum þáttanna. Tekjur í formi þátttökugjalda eða samvinnu við önnur fyrirtæki í Rýminu. Hugsanleg framtíðartekjur: - Vörusala í litlu magni (t.d. stikkorðaspjöld, mantra-kort, dagbækur). - Premium efni (t.d. lengri viðtöl, námskeið eða nánari greiningar).

Umbeðin styrkuppþæð

150.000

Fylgigögn

Skrá

Andrýmið - Fjárhagsáætlun.pdf
(../actions/displayAttachment.aspx?
id=OQ8YI9uaVUKuxrOnqbGAEA)

Lýsing

Um umsóknina:

Staðfestingarnúmer: 943 - **Staðfestingarmáti:** Rafræn skilríki í farsíma - **Dagsetning:**
21.11.2025 13:50:37